



iCert  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík  
iCert@iCert.is

Selfossi 6. september 2024

## Efni: Forsendur vottunar kolefniseininga

Félagið [Vinir íslenskrar náttúru](#) (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Félagið var formlega stofnað árið 2022. Stofnfélagar voru 41 en nú eru yfir 100 félagar. Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenskri löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenskri löggjöf um náttúruvernd í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni. Félagið leggur m.a. áherslu á að vernda líffræðilega fjölbreytni og koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta. Lögð er áhersla á að stjórnvöld sinni hinni brýnu þörf fyrir skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins og að veita aðhald við framgang þeirra. Félagið styður eindregið aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og kolefnisbindingu sem ekki hefur neikvæð áhrif á náttúru Íslands. Félagið stuðlar að því að komið sé á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um kolefnisbindingu og mat á kolefniseiningum og leggur áherslu á að notuð séu alþjóðleg vottunarkerfi með viðurkenndum kröfum og viðmiðum, sem jafnframt taka tillit til íslenskra aðstæðna. VÍN er ekki á móti skógrækt en leggur áherslu á: *Rétt tré á réttum stað.*

Samkvæmt vef iCert var vottunarstofan [Skógræktinni innan handar við þróun Skógarkolefnis](#) og hefur nú vottað að þrjú verkefni uppfylli kröfur þess. Stjórn VÍN hefur skoðað skýrslur iCert um þessi verkefni og þau gögn vegna vottunar sem eru aðgengileg hjá [International Carbon Registry](#) og viðkomandi sveitarfélögum:

- [Arnaldsstaðir í Fljótsdal - Sannprófunarskýrsla, 29. desember 2022](#)
- [Hvanná á Jökuldal - Staðfestingarskýrsla, 23. september 2023](#)
- [Álfabrekka í Grímsnes- og Grafningshreppi - Staðfestingarskýrsla 17. október 2023](#)

Fyrir hönd stjórnar VÍN fer undirritaður þess á leit að iCERT veiti svör við eftirfarandi spurningum um efni þessara skýrslna:

- Í skýrslunum stendur eftirfarandi: „Í gr. 4.1 í Skógarkolefni segir: *Í ræktunaráætlun skulu umhverfissjónarmið vera hluti af sjálfbærnimarkmiðum eins og þau atriði eru sett fram í landsáætlun (Land og líf) ...*“. Telur iCert að ræktunaráætlanir verkefnanna standist þessar kröfur? Sérstaklega er óskað eftir útskýringum á því hvernig ræktunin stenst kröfur um verndun líffræðilegrar fjölbreytni sbr. markmið í Landi og lífi um að „*efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa*“.
- Í skýrslunum stendur eftirfarandi: „Í gr. 3.3 í Skógarkolefni segir: *Meta skal losun sem verður vegna röskunar á gróðri og jarðvegi við undirbúning/jarðvinnslu fyrir gróðursetningu og draga hana frá kolefnisbindingu ...*“. Síðan fylgir listi yfir þau skjöl sem vottunarteymið hafði til skoðunar. Þar kemur ekkert fram sem bendir til þess að það hafi verið gert. Samt sem áður er niðurstaðan úttektarstjóra sú „*að fyrir liggja fullnægjandi gögn og að gr. 3.3 í Skógarkolefni sé því uppfyllt*“. Hvernig komst úttektarstjóri að þessari niðurstöðu?
- Í sannprófunarskýrslunum fyrir verkefni á Arnaldsstöðum og Hvanná er því slegið fram að „*Ræktun skógar á slíku landi auki kolefnisforða sem nemi vexti skógarins en ekki meira en það*“. Samt sem áður er reiknað með umtalsverðri kolefnisbindingu í jarðvegi í þessum verkefnum, nánar tiltekið 1,3 tonn CO<sub>2</sub> á hektara á ári í 45 ár. Hvernig gengur þetta upp?
- Í skýrslunum stendur eftirfarandi. „Í gr. 2.4 í Skógarkolefni segir: *Í tengslum við hvert verkefni skal vera farvegur fyrir bæði tillögur og athugasemdir frá hagsmunaaðilum og almenningi.*“ Gögn vegna vottunar eiga að vera: „1) *Framkvæmdaleyfi sveitarfélags, og 2) Önnur skjöl sem tilgreina hvaða leiðir voru farnar til að tryggja öflugt samráð við hagsmunaaðila ...*“. Í öllum skýrslunum kemur fram að aðeins framkvæmdaleyfið liggja fyrir en vottunarstjóri telur samt sem áður „*að fullnægjandi gögn liggja fyrir og að grein 2.4 í Skógarkolefni sé því uppfyllt.*“ Hvernig komst úttektarstjóri að þessari niðurstöðu?
- Í skýrslunum kemur fram að viðtöl við nafngreinda einstaklinga séu hluti af staðfestingu vottunar. Þessir einstaklingar voru starfsmenn Skógræktarinnar og/eða fulltrúar framkvæmdaaðilans. Telur iCert að það samrýmist kröfum um óháða vottun að viðtöl við þessa aðila nægi til að vottunarstjóri telji ákveðnar kröfur Skógarkolefnis uppfylltar þó vottunargögnin sýni það ekki?
- Skógarkolefni var í umsjón Skógræktarinnar (nú Lands og skógar). Í öllum þremur verkefnum sat starfsmaður Skógræktarinnar í vottunarteyminu. Telur iCert að það samræmist kröfum um óháða vottun?

Þegar kemur að því að votta kolefniseiningar þessara verkefna þarf að miða við upphafstöðu skógræktarsvæða áður en skógrækt hófst og losunina sem óhjákvæmilega varð við jarðvinnsluna í upphafi verkefnisins. Eftir því sem næst



verður komist þá hafa engar mælingar verið gerðar á bindingu eða losun kolefnis hlutaðeigandi svæða fyrir gróðursetningu. Og engar mælingar voru að því best er vitað gerðar á losun kolefnis sem varð við jarðvinnsluna. Hvernig verður þá hægt að staðfesta hvenær nýskógurinn verður búinn að binda það sem tapaðist í upphafi og skógurinn þar með farinn að skila viðbótar kolefniseiningum? Og hvernig verður þá hægt að meta hvernig kolefnisforði jarðvegs breytist á 50 ára tíma verkefnisins?

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads "Sveinn Runólfsson".

Sveinn Runólfsson, formaður VÍN

Afrit:

Land og skógur ( [landogskogur@landogskogur.is](mailto:landogskogur@landogskogur.is) )